



Þingvellir

Vottunarstofan Vottun hf.

Hlutfélagið Vottun hf. var stofnað þann 14. júní 1991 af 16 hagsmunaaðilum í iðnaði, sjávarútvegi, verslun og þjónustu. Núverandi eigendur eru: Alfesca hf., Burðarás hf., Félag atvinnurekenda, Frumherji hf., Icelandic Services ehf., Íslensk-ameríska verslunarfélagið ehf., Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Rammi hf., Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök iðnaðarins, Staðlaráð Íslands og Viðskiptaráð Íslands.

Markmið félagsins hefur frá upphafi verið að veita íslenskum fyrirtækjum alþjóðlega viðurkennda vottunarþjónustu á sem hagkvæmasta hátt og styrkja þannig samkeppnisstöðu þeirra og tryggja aðgang að erlendum mörkuðum. Auk vottunarþjónustu býður Vottun hf. ýmsa úttektaþjónustu, m.a. í samstarfi við erlendar vottunarstofur, og heldur námskeið, bæði á eigin vegum og í samstarfi við ýmsa aðila.

Starfsumhverfi

Fyrirtækið hefur sérhæft sig í vottunum á stjórnunarkerfum fyrirtækja og stofnana m.t.t. alþjóðlegra stjórnunarstaðla. Það starfar samkvæmt reglugerð nr. 350/1993, um starfsemi faggiltra vottunarstofa, og staðlinum ÍST EN ISO 17021, *Conformity assessment – Requirements for bodies providing audit and certification of management systems* og hefur virkt gæðastjórnunarkerfi sem skilgreint er í samræmi við þessar kröfur og kröfur ÍST EN ISO 9001.



38

ISO/IEC 17021

Þjónusta Vottunar hf. á sviði vottunar gæðastjórnunarkerfa og umhverfisstjórnunarkerfa er faggilt af Faggildingarsviði Einkaleyfastofunnar (ISAC: Icelandic Board of Technical Accreditation) sem annast faggildingu fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Faggildingin er opinber staðfesting á því að Vottun hf. viðhafi bestu starfsvenjur samkvæmt alþjóðastöðlum. Hún staðfestir hæfni

og áreiðanleika og tryggir m.a. að úttektarmenn búi yfir fullnægjandi þekkingu á viðkomandi starfsemi og lagalegu umhverfi hennar. Vottun hf. er fyrsta og eina fyrirtækið á sviði vottunar stjórnunarkerfa sem er með faggildingu íslenskra stjórnvalda.

Vottun hf. aflar starfsemi sinni alþjóðlegrar viðurkenningar með þátttöku í samstarfi vottunaraðila innan alþjóðlegra og evrópskra samtaka og með samningum við erlendar vottunarstofur um gagnkvæma viðurkenningu og samstarf.

Stjórnunarstaðlar ISO

Alþjóðlega staðlastofnunin (ISO) gefur út tæplega 20.000 staðla á fjölmörgum sviðum tækni, framleiðslu og stjórnunar. Í hópi best þekktu og mest notuðu staðla stofnunarinnar eru stjórnunarstaðlarnir. Stofnanir og fyrirtæki um allan heim, bæði lítil og stór og jafnt í framleiðslu sem þjónustu, nota þessa staðla. Meginkröfustaðlarnir hafa flestir verið staðfestir sem evrópskir staðlar (EN) og allir sem íslenskir staðlar (ÍST):

- ÍST EN ISO 9001, Gæðastjórnunarkerfi – kröfur.
- ÍST EN ISO 14001, Umhverfisstjórnunarkerfi – kröfur.
- ÍST EN ISO 22000 Food safety management systems – Requirements for organizations throughout the food chain
- ÍST ISO/IEC 27001, Upplýsingatækni – Öryggistækni – Stjórnkerfi upplýsinga – Kröfur.

Einnig hafa verið gefnir út kröfustaðlar með viðbótarkröfum til gæðakerfa í ákveðinni starfsemi, t.d. í lækningatækjaframleiðslu og bílavarahlutaframleiðslu og loks talsverður fjöldi leiðbeiningastaðla, t.d. um gæðastjórnun og umhverfisstjórnun, sem snúa bæði almennt að uppbyggingu og innleiðingu stjórnunarkerfa og einnig sérstaklega að einstökum þáttum slíkra kerfa. Sjá nánar <http://www.iso.org> og <http://www.stadlar.is>.


Stjórnunarstaðallinn OHSAS

OHSAS 18000 er alþjóðleg skilgreining á stjórnunarkerfi heilsu og öryggis á vinnustað sem unnin er í samvinnu ýmissa leiðandi staðlastofnana, vottunarfyrirtækja og ráðgjafarfyrirtækja (Sjá nánar <http://www.ohsas-18001-occupational-health-and-safety.com/>). OHSAS stendur fyrir *Occupational Health and Safety Assessment Series* og er sett fram í tveimur stöðlum þar sem sá fyrri er kröfustaðall um stjórnunarkerfi heilsu og öryggis á vinnustað sem hægt er að fá vottað hjá Vottun hf.:

- OHSAS 18001 Occupational health and safety management systems – Requirements.

- Vottun stjórnunarkerfa og tengd þjónusta -

Umsókn um vottun



Upplýsingar og kynningarfundir: Á skrifstofu Vottunar hf. fást frekari upplýsingar um úttektir, vottanir, staðla og annað viðkomandi þjónustu fyrirtækisins. Vottun hf. býður einnig upp á kynningarfundir fyrir starfsmenn fyrirtækja og getur sniðið efni þeirra að þörfum og aðstæðum á hverjum stað.

Forúttektir: Vottun hf. gerir forúttektir á stjórnunarkerfum fyrirtækja ef þess er óskað. Forúttekt leiðir í ljós hversu vel starfsemin uppfyllir kröfur viðkomandi staðals og getur verið árangursríkur liður í undirbúningi fyrir vottun eða til að meta samræmi og virkni stjórnunarkerfis án þess að stefnt sé að vottun þess.

Umsókn: Sækja þarf skriflega um vottun fyrirtækis. Umsóknareyðublað má nálgast á www.vottunhf.is. Við staðfestingu umsóknar fær fyrirtækið afhentan spurningalista fyrir sjálfsskoðun.

Sjálfsskoðun: Fyrirtækið notar spurningalistann til að meta stjórnunarkerfi sitt. Þegar það telur kerfið fullmótað er svörum við spurningalistanum, ásamt helstu skjölum stjórnunarkerfisins, skilað inn til Vottunar hf.

Skoðun á skjölum: Vottun hf. fer yfir svörin og skoðar skjöl stjórnunarkerfisins m.t.t. krafanna í viðkomandi staðli. Ef gögnin uppfylla ekki kröfur staðalsins þarf fyrirtækið að gera úrbætur og skila inn endurbættum gögnum. Skoðun á skjölum sparar tíma og peninga á seinni stigum vottunarferlisins.

Úttektaráætlun: Uppfylli skjölin kröfurnar er úttekt á verklagi tímasett og gerð áætlun um framkvæmd hennar með hliðsjón af starfsemi fyrirtækisins og skipulagi.

Úttekt á verklagi: Úttekt er gerð samkvæmt áætlun. Hún hefst með upphafsfundum þar sem framkvæmd úttektarinnar er kynnt fyrir starfsmönnum (a.m.k. stjórnendum) fyrirtækisins. Síðan er starfsemin skoðuð með úrtaksaðferð og athugað hvort kröfur í staðlinum eru uppfylltar. Talað er við starfsfólk og gögn skoðuð til staðfestingar. Úttektinni lýkur svo með lokafundi þar sem skýrsla úttektarmanna er afhent og farið yfir niðurstöðuna. Ef hún er jákvæð mælir úttektarstjóri með því við staðfestingarnefnd Vottunar hf. að fyrirtækinu verði veitt vottun. Hafi hins vegar fundist *frávik* þarf að ráðast í úrbætur og framkvæma eftirúttekt til þess að staðfesta þær. Með *fráviki* er átt við það þegar kröfur í staðlinum eru ekki uppfylltar eða ekki er unnið eftir hinu skjalfesta verklagi að verulegu leyti.

Vottorð: Staðfestingarnefnd Vottunar hf. fer yfir gögn úr öllum verkþáttum vottunarferlisins og staðfestir að þau séu fullnægjandi áður en vottorð er gefið út.

Úttektaáætlun og reglulegar viðhaldsúttektir: Að fenginni vottun er sett upp úttektaáætlun til þriggja ára. Síðan eru viðhaldsúttektir framkvæmdar tvisvar á ári samkvæmt áætluninni. Ákveðin atriði í starfsemi fyrirtækisins eru tekin út í hvert sinn. Skjöl stjórnunarkerfisins eru síðan vfirfarin að nýju þriðja hvert ár.

Nánari upplýsingar

Á skrifstofu Vottunar hf. og á vef fyrirtækisins, www.vottunhf.is er hægt að fá frekari upplýsingar um vottunarferlið, úttektir, staðla og kostnað við þjónustu fyrirtækisins. Kostnaður við vottun fer eftir umfangi hennar, t.d. stærð fyrirtækisins, fjölbreytni starfseminnar, hversu dreifð hún er og hvaða kröfur staðalsins fyrirtækið þarf að uppfylla. Verð miðast við tímagjald fyrir vinnu við yfirferð á skjölum og úttektir á verklagi en auk þess er greitt umsóknargjald í upphafi og síðan fast árgjald eftir að vottorð hefur verið gefið út. Vottun hf. getur gert verðáætlun og tilboð sé þess óskað.